



Ársskýrsla Fjölbrautaskóla Vesturlands 2012

1. Stærð skóla, fjöldi nemenda og starfsmanna

Fjölbrautaskóli Vesturlands er með um 590 nemendum (oftast yfir 600 á haustönn og innan við 600 á vorönn) og um 70 starfsmönnum í alls um 57 stöðugildum.

Skólinn starfar í rúmlega 7.330 fermetra húsnæði auk rúmlega 1.250 fermetra heimavistar. (Sjá nánar um húsnæði skólans í rammanum til hægri.)

Ársmemendur samkvæmt fjárlögum fyrir 2012 og 2013 eru 520. Á árinu 2012 skilaði skólinn 527 ársnemendum.

Um miðjan október 2012 voru 627 nemendur í skólanum. Þeir skiptust á námsbrautir sem hér segir:

Almenn braut - fornám	AF	11	=	2%
Almenn braut - heilbrigðisnám	AH	2	=	0%
Almenn braut - undirbúningsnám	AU	43	=	7%
Almennt nám alls		56	=	9%
Félagsfræðabraut	FÉ	158	=	25%
Málabraut	MB	32	=	5%
Náttúrufræðibraut	NÁ	113	=	18%
Viðskipta- og hagfræðibraut	VH	8	=	1%
Viðbótarnám til stúdentsprófs	VSS	18	=	3%
Stúdentsnám alls		329	=	52%
Grunnnám rafiðna	GR	39	=	7%
Námsbraut í rafvirkjun	RK8	7	=	1%
Almennt tækninám	AT	31	=	5%
Námsbraut í húsasmíði	HÚ8	24	=	4%
Grunnnám málmíðna	MG	50	=	8%
Námsbraut vélavirkjun	VS8	8	=	1%
Iðnnám alls		159	=	25%
Starfsbraut	ST4	7	=	1%
Starfsbraut alls		7	=	1%
Sjúkraliðabraut	SJ	41	=	7%
Viðskiptabraut	VI	5	=	1%
Ótilgreint nám	ÓTN	30	=	5%
Aðrar brautir alls		76	=	12%

Húsnæði Fjölbrautaskóla Vesturlands

Aðalbygging skólans við Vogabraut 5

Kennslustofur	2.189,43	m ²
Trésmíðaverkstæði	440,20	m ²
Skrifstofur, kennarastofa	635,99	m ²
Salur	449,70	m ²
Mötuneyti	106,45	m ²
Bókasafn	237,73	m ²
Tölvuver hjá bókasafni	84,60	m ²
Þakrými, loftræstirými	660,63	m ²
Önnur svæði	1.532,47	m ²

Samtals 6.337,20 m²

Málmíðnahús við Vogabraut 5

Kennslustofur	315,20	m ²
Málsmíða og vélaverkstæði	487,54	m ²
Önnur svæði	189,24	m ²

Samtals 991,98 m²

Heimavistarhús við Vogabraut 4

Íbúð vistarstjóra	74,85	m ²
Herbergi nemenda	828,80	m ²
Þakrými, loftræstirými	122,55	m ²
Önnur svæði	227,90	m ²

Samtals 1.254,10 m²

Heildarstærð alls húsnæðis er 8.583,28 m²

Um miðjan október 2012 voru 71 af 627 nemendum skólans (þ.e. 11%) skráðir í dreifnám, þar af 14 í grunnnámi málmíðna, 1 á námsbraut í vélvirkjun, 15 á námsbraut í húsasmíði og 41 á sjúkraliðabraut. Engir nemendur voru skráðir í öldungadeild eða kvöldskóla.

FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Á haustönn 2012 voru nemendur 34 fleiri en á haustönn 2011. Mest var fjölgunin í hópi nemenda á sjúkraliðabraut eða úr 0 í 41.

Í hópi nemenda á haustönn 2012 voru karlar/piltar 355 en konur/stúlkur 272. Tæp 80% nemenda voru frá Akranesi og úr Hvalfjarðarsveit og rúm 20% annars staðar að. Töflurnar sýna hvernig nemendur skiptust eftir búsetu og aldri bæði á vorönn og haustönn 2012.

Lögheimili	Vorönn 2012	Haustönn 2012	Fæðingarár	Vorönn 2012	Haustönn 2012
Akranes	74%	73%	1996		18%
Hvalfjarðarsveit	6%	5%	1995	22%	19%
Borgarbyggð	10%	9%	1994	20%	16%
Aðrir staðir á Vesturlandi	4%	5%	1993	22%	16%
Utan vesturlands	7%	7%	1992	12%	6%
			Fyrir 1992	25%	26%

2. Brottfall og námsárangur

Í upphafi vorannar 2012 voru 549 nemendur í skólanum. Brottfall á önninni var 7,9% sem er minna en vorið 2011 þegar það var 9,4%. Vorið 2010 var brottfall 7,7%, vorið 2009 var það 11,6%, vorið 2008 var það 8,6% og á vorönn 2007 var það 8,2% nemendaígilda.

Á vorönn 2012 voru nemendur að meðaltali skráðir í 15,8 einingar og náðu að meðaltali að ljúka 12,8 einingum með fullnægjandi árangri. Meðaleinkunn í skólanum var 6,5.

Í upphafi haustannar 2012 voru 640 nemendur í skólanum. Brottfall á önninni var 8,4% sem er meira en haustið 2011 þegar það var 7,3%. Haustið 2010 var brottfall 6,9%, haustið 2009 var það 8,0%, haustið 2008 var það 8,1% og haustið 2007 var það 9,4% nemendaígilda.

Á haustönn 2012 voru nemendur að meðaltali skráðir í 16,2 einingar og náðu að meðaltali að ljúka 13,1 einingu með fullnægjandi árangri. Meðaleinkunn í skólanum var 6,6.

3. Brautskráðir nemendur

Brautskráningarathöfn á vorönn 2012 var 19. maí. Þá voru brautskráðir 64 nemendur, þar af 40 með stúdentspróf, 21 með burtfararpróf af iðnbrautum og 3 með burtfararpróf af starfsbraut. Af þeim 40 sem luku stúdentsprófi lauk 1 jafnframt burtfararprófi af iðnbraut svo burtfararpróf af iðnbrautum voru alls 22. Þann 23. maí voru 17 nemendur til viðbótar brautskráðir frá skólanum, þar af 1 úr grunnnámi rafiðngreina og 16 af almennri braut. Þessir nemendur fengu skírteini sín send í pósti.

Brautskráningarathöfn á haustönn 2012 var 20. desember. Þá voru brautskráðir 49 nemendur, þar af 38 með stúdentspróf og 11 með burtfararpróf af iðnbrautum. Af þeim 38 sem luku stúdentsprófi lauk 1 jafnframt burtfararprófi af iðnbraut svo burtfararpróf af iðnbrautum voru alls 12.

Á árinu 2012 voru alls 130 nemendur brautskráðir frá skólanum.



4. Sérverkefni, þróunarstarf

Fjölbrautaskóla Vesturlands var veittur styrkur úr Verkefnasjóði skólasamninga í maí 2012 að upphæð 0,7 milljónir kr. til að skilgreina heilbrigði og velferð sem grunnþátt menntunar í samræmi við ákvæði aðalnámskrár frá 2011 og endurskoða um leið kennslu í lífsleikni og íþróttum.

Í september 2012 fékk skólinn tvo styrki frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu að upphæð 2 milljónir kr. hvor úr sjóði til eflingar starfsmenntunar. Annar styrkurinn var veittur til að skilgreina almennt tækninám (sem sameiginlegt upphaf að námi í málmiðnagreinum og bygginga- og mannvirkjagreinum) í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hinn styrkurinn var veittur til að undirbúa kennslu í vökvatækni (sem verður nám á fjórða þrepi fyrir nemendur sem lokið hafa iðnnámi) í samvinnu við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi.

Auk ofantalinna verkefna er unnið að því að laga skólanámskrá að áherslum aðalnámskrár frá 2011 á sex grunnþætti menntunar.

5. Matsaðferðir og umbótaþættir

Við skólann fer fram heildstætt innra mat á öllum helstu þáttum skólastarfsins. Niðurstöður matsins birtast á vef skólans jafnóðum og þær liggja fyrir. Heildarskýrslu um innra mat á starfi skólans var síðast skilað til mennta- og menningarmálaráðuneytisins í byrjun október 2012. Skýrslan liggur frammi á vefnum http://fva.is/images/innramat/sjalfsmatsskyrsla_fva_2012_haust.pdf.

Mat á starfi skólans var unnið á árinu samkvæmt *Verk- og framkvæmdaáætlun um sjálfsmat í Fjölbrautaskóla Vesturlands* og voru eftirtaldir þættir skólastarfsins teknir til skoðunar:

- Stjórn skólans
- Störf kennara
- Framkvæmd skólareglna
- Líðan nemenda.
- Félagslíf
- Forvarnir
- Námsráðgjöf
- Umsjónartímar
- Námsárangur, skólasókn og nemendafjöldi
- Nýting á kennslu og brottfall
- Viðhorf útskriftarnema til skólagöngunnar.

Auk þessa var könnun á málum sem varða heilbriggt lífi og árangur heilsueflingar í skólum lögð fyrir nemendur þriggja skóla: Fjölbrautaskóla Vesturlands, Suðurlands og Suðurnesja. Könnunin var að mestu unnin af Steinunni Evu Þórðardóttur kennara við Fjölbrautaskóla Vesturlands.

Vinna við endurskoðun á markmiðssetningu og innra mati er hafin. Hún tekur mið af grunnþáttum menntunar eins og þeir eru skilgreindir í nýrri aðalnámskrá.



6. Úttektir

Á árinu 2102 unnu Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson úttekt á skólanum fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Úttekt þessi hefur titilinn *Fjölbrautaskóli Vesturlands: Úttekt á starfsemi fyrir mennta- og menningarmálaráðuneyti* og liggur frammi á vef ráðuneytisins í skránni <http://www.menntamalaraduneyti.is/nyrit/nr/7115>. Viðbrögð skólameistara við úttektinni eru á vef skólans í skránni [http://fva.is/attachments/article/407/Vidbrogd vid tillogum i skyrslu um uttekt a Fjolbrautaskola Vesturlands.pdf](http://fva.is/attachments/article/407/Vidbrogd%20vid%20tillogum%20i%20skyrslu%20um%20uttekta%20a%20Fjolbrautaskola%20Vesturlands.pdf)

7. Afkoma, rekstrarstaða

Á árinu 2012 var unnið markvisst að hagræðingu í rekstri skólans. Heildarupphæð greiddra launa á árinu var svipuð og árið 2011 þrátt fyrir 3,5% hækkun kauptaxta 1. mars 2012 og hækkun allra kennara um 1 þrep (því sem næst 2,5%) 1. nóvember 2011 (sjá fylgiskjal 1).

Framlag ríkissjóðs til skólans var alls tæpar 448,9 milljón krónur. Sértekjur og aðrar rekstrar-tekjur skólans voru alls tæpar 50,2 milljónir.

Heildartekjur skólans á árinu voru um $448,9 + 50,2 = 499,1$ milljón krónur.


Heildarútgjöld skólans á árinu voru um 503,4 milljónir eða 4,3 milljónir umfram tekjur. Skuld skólans við ríkissjóð hækkaði því um 4,3 milljónir, úr 14,2 milljónum í 18,5 milljónir á árinu.

Útgjöld voru sem sagt meiri en áætlað var og tekjur leyfðu: Veigamestu ástæður þessa voru verðhækkanir, einkum hækkun á húsnæðiskostnaði um rúmar 2 milljónir umfram það sem áætlað var og kostnaður vegna veikinda, dauðsfalls og biðlauna sem var alls um 8 milljónir.

8. Stjórnun

Að yfirstjórn skólans koma, auk skólameistara, aðstoðarskólameistari, áfangastjóri og fjármála- stjóri. Einnig gegna tíu kennarar stöðum deildarstjóra og hafa umsjón með faglegu samráði í grein eða greinaflokki.

Skipurit Fjölbrautaskóla Vesturlands





9. Samvinna við aðrar stofnanir

Skólinn hefur samstarf og samráð við Fjölbrautaskóla Suðurlands, Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi.

Skólinn tekur þátt í að starfrækja Stóriðjuskóla í samvinnu við Símenntunarmiðstöðina á Vesturlandi og Norðurál ehf.

Skólinn hefur samvinnu og samráð við grunnskóla á Akranesi og í Hvalfjarðasveit og býður upp á kennslu í verklegum greinum fyrir nemendur í efstu bekkjum grunnskóla.

Fjölbrautaskóli Vesturlands tók þátt í tveim Comenius verkefnum á árinu 2012. Annað verkefnið, sem heitir *Planting our future*, snýst um umhverfismál, sjálfbærni og umgengni manna við náttúruna. Samstarfsaðilar í þessu verkefni eru tíu framhaldsskólar í jafnmörgum löndum. Hitt verkefnið, sem heitir *Work made e@sy*, gengur út á að auðvelda nemendum að átta sig á möguleikum sem standa þeim opnir í ýmsum Evrópulöndum. Samstarfsaðilar í þessu verkefni eru átta framhaldsskólar í jafnmörgum löndum.

10. Foreldraráð

Á aðalfundi foreldraráðs, sem haldinn var 18. september 2012, var því kosin ný stjórn. Hana skipa Þórður Guðjónsson formaður, Alexander Eck, Anna Berglind Einarsdóttir, Hulda Hrönn Sigurðardóttir og Þórður Þórðarson.

11. Skólanefnd

Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands hélt fundi fjórum sinnum á árinu 2012 (28. febrúar, 14. júní, 21. ágúst og 10. október). Fundargerðir skólanefndar liggja frammi á vef skólans á síðunni http://fva.is/index.php?option=com_content&view=article&id=404&Itemid=523.

Mannskipti urðu í skólanefnd á árinu því tveir nefndarmenn, Hjördís Garðarsdóttir og Marta Birna Baldursdóttir báðust lausnar. Með bréfi ráðherra sem undirritað var 18. júní 2012 voru skipaðir tveir aðalmenn í þeirra stað sem eru Dagbjört Guðmundsdóttir og Thelma Hrund Sigurbjörnsdóttir. Aðrir aðalmenn í skólanefnd eru Helgi Guðmundsson, Helena Guttormsdóttir og Ólafur Helgi Haraldsson.

Á fundi skólanefndar 21. ágúst 2012 var Dagbjört Guðmundsdóttir kjörin formaður nefndarinnar.



12. Sérstakar áherslur og markmið skólans

Skólinn leggur áherslu á að koma til móts við þarfir allra íbúa svæðisins fyrir menntun á framhaldsskólastigi með því að bjóða fjölbreytt nám á mörgum brautum, sem hæfir nemendum með misjafna getu, margvísleg áhugamál og ólíkar þarfir.

Í drögum að skólasamningi fyrir árin 2011 til 2013 voru eftirtalin tólf markmið sett. Þessi samningur var aldrei undirritaður og markmiðin því e.t.v. ekki annað en viljayfirlýsing af hálfu skólastjórnenda. (Samningur fyrir árin 2013 og 2014 var hins vegar undirritaður af skólameistara og menntamálaráðherra í febrúar 2013 og þar eru sett ný markmið).

Markmiðin eins og þau standa í drögum að skólasamningi eru skáletruð. Á eftir hverju þeirra er tilgreint hvort eða að hve miklu leyti það hefur náðst.

i. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár: Stefnt er á að fullvinna nýjar bóknámsbrautir fyrir haustið 2013 og námsbrautir til framhaldsskólaprófs og starfsmenntabrautir fyrir haustið 2014.

Búið er að ákveða innihald náms á bóknámsbrautum en ekki er búið að skrá þær í námskrárgrunn og enn á eftir að ákvarða hvað sumir áfangar verða margar framhaldsskólalæiningar (skv. skilgreiningu á einingu í aðalnámskrá frá 2011). Enn er beðið eftir upplýsingum frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um hvernig framhaldsskólapróf má vera. Vinna við endurskoðun á sumum starfsmenntabrautum er hafin.

ii. Námsframboð skólans verður fjölbreyttara þar sem boðið verður upp á 2 nýjar brautir sem hafa tengingu við atvinnulífið í nærsamfélagi skólans. Vinnu við lýsingu á þessum brautum verður lokið á skólaárinu 2012 til 2013 og leitað eftir að fá þær samþykktar af mennta- og menningarmálaráðuneytinu á árinu 2013:

a) Tveggja anna almennt tækninám á fyrsta þrepi. Brautin verður góður undirbúningur fyrir nemendum sem hyggja á frekara nám á tæknisviði og nám á henni nýtist að fullu þeim nemendum sem klára í framhaldinu þriggja til fjögurra ára starfsnám á sviði málmiðnagreina eða bygginga- og mannvirkjagreina.

b) Almennt heilbrigðisnám. Brautin verður góður undirbúningur fyrir þá sem hyggja á frekara nám á heilbrigðisviði og nám á henni nýtist að fullu þeim nemendum sem klára í framhaldinu þriggja til fjögurra ára starfsnám á heilbrigðisviði.

Lýsingar á þeim tveim námsbrautum sem hér um ræðir eru þegar til en ekki er búið að skrá þær í námskrárgrunn og enn á eftir að ákvarða hvað sumir áfangar verða margar framhaldsskólalæiningar (skv. skilgreiningu á einingu í aðalnámskrá frá 2011).

iii. Frá haustönn 2010 tekur skólinn þátt í verkefninu „heilsueflandi framhaldsskóli“ í samvinnu við Lýðheilsustöð/Landlæknisembættið. Gert er ráð fyrir að verkefninu ljúki vorið 2015.

Vinna við þetta verkefni gengur samkvæmt áætlun.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

iv. Skólinn mun ljúka endurskoðun á jafnréttisáætlun sinni á vorönn 2012 í samræmi við nýja aðalnámskrá sem skilgreinir jafnrétti sem einn af sex grunnþáttum menntunar.

Þessu verkefni er lokið.

v. Skólinn mun auka vægi sköpunar og lista í skólanámskrá og öllu starfi sínu í samræmi við nýja aðalnámskrá. Meðal annars verða áfangar í listum, hönnun og handverki í boði fyrir alla nemendur skólans. Á skólaárinu 2012 til 2013 verður t.a.m. boðið upp á áfanga í söng, smíði og hönnun.

Áfangi í hönnun var kenndur á haustönn 2012 og áfangi í söng bæði á haustönn 2012 og vorönn 2013. Smíði var ekki kennd sem valfag fyrir alla nemendur eins og til stóð.

vi. Við næstu endurskoðun skólasamnings er stefnt á að skilgreina markmið sem heyra undir þá grunnþætti menntunar í nýrri aðalnámskrá sem ekki tengjast töluliðum 3, 4 og 5 (þ.e. lýðræði og mannréttindi, læsi, sjálfbærni).

Þessi markmið eru í skólasamningi fyrir árin 2013 til 2014 sem hefur verið undirritaður af ráðherra og skólameistara.

vii. Um leið og grunnþættirnir í nýju aðalnámskránni fá sess í skólanámskrá verður sjálfsmatskerfi skólans endurskoðað til að meta hversu vel tekst að vinna að markmiðum sem falla undir þá. Vinna við gerð matstækis til að meta heilbrigði er hafin í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurlands og Fjölbrautaskóla Suðurnesja og stefnt er á að henni ljúki á vorönn 2012.

Umrætt matstæki er þegar í notkun þótt smíði þess sé ekki að fullu lokið því enn er verið að bæta við það (sjá lið númer 5 hér að ofan).

viii. Bókasafn skólans er enn ekki tengt landskerfi bókasafna (Gegni). Skólinn stefnir á að breyta þessu fyrir lok skólaársins 2012 til 2013.

Skráning safnsins í Gegni er vel á veg komin.

ix. Skólinn mun, í samvinnu við sveitarstjórnir, byggja upp tengsl við iðnfyrirtæki á sunnanverðu Vesturlandi og bjóða fyrirtækjum á svæðinu að taka þátt í viðbótar- og endurmenntun starfsmanna þeirra. Þátttaka skólans í kennslu við Stóriðjuskóla Norðuráls hófst í janúar 2012. Skólinn hefur samráð við atvinnufulltrúa Akraneskaupstaðar um tengingu við atvinnulíf á svæðinu.

Skólinn tekur þátt í kennslu við Stóriðjuskóla Norðuráls eins og áætlað var. Ekki hefur tekist að formgera samband hans við iðnfyrirtæki á svæðinu en óformlegt samstarf hefur farið vaxandi.

x. Skólinn mun leita eftir auknu samstarfi við aðra framhaldsskóla í Norðvesturkjördæmi meðal annars við námskrárgerð.

Ekki hefur tekist að formgera þetta samstarf skólanna en óformlegt samráð milli stjórnenda þeirra hefur farið vaxandi.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

xi. Dregið hefur verið úr verkefnum millistjórnenda (deildarstjóra) við skólann og starfshlutfall aðstoðarskólameistara og áfangastjóra lækkað úr $2 \times 100\%$ í $90\% + 85\%$. Á árinu 2012 verður þessum breytingum fylgt eftir meðal annars með því að gera stjórn skólans lýðræðislegri og kalla fleiri til ábyrgðar með því að auka vægi kennarafunda og starfsmannafunda við stefnumótum og ákvarðanatöku.

Starfsmannafundum/skólafundum hefur verið fjölgað en enn á eftir að finna leiðir til að gera stjórn skólans lýðræðislegri og kalla fleiri til ábyrgðar.

xii. Skólinn setur sér það markmið að hagræða rekstri sínum. Í tengslum við þetta markmið er stefnt á að semja um skuld skólans við ríkissjóð.

Ekki fundust leiðir til að draga svo úr útgjöldum að skólanum tækist að greiða uppsafnaða skuld sína við ríkissjóð á árinu 2012 og raunar jukust skuldirnar á árinu (sjá lið númer 7 hér að framan og fylgiskjal 1). Þó hefur verið gripið til verulegra aðhaldsaðgerða og enn er leitað leiða til að spara.

Í úttekt á skólanum sem Bragi Guðmundsson og Trausti Þorsteinsson unnu fyrir ráðuneytið á síðasta ári (sjá lið númer 6 hér að ofan) segir (á bls. 25): „Fjölbrautaskóli Vesturlands hefur búið við þröngan fjárhagslegan kost eftir hrun og rekstur hans er kominn inn að beini.“ Í ljósi þessa verður að telja ólíklegt að nýjar sparnaðarleiðir skili miklu.

Fylgiskjöl

1. Rekstraryfirlit fyrir árið 2012.
2. Annáll vorannar 2012.
3. Annáll haustannar 2012.

Akranesi 22. febrúar 2013

Atli Harðarson, skólameistari

FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS**Fylgiskjal 1 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2012:
Rekstraryfirlit fyrir árið 2012**

	2012 Rauntölur	2012 Áætlun	2011 Rauntölur	2010 Rauntölur
Dagvinna	249.066.515	245.357.029	252.493.495	254.879.035
Vaktaálag	1.776.614	2.401.886	1.708.371	1.630.917
Aukagreiðslur	1.635.653	196.564	3.900.688	496.800
Yfirvinna	58.185.749	47.239.833	50.072.377	51.636.827
Launatengd gjöld	76.865.345	76.470.367	78.528.096	78.530.256
Samtals	387.529.876	371.665.679	386.703.027	387.173.835
Fundur, námskeið og risna	587.473	450.909	475.513	550.088
Ferða og dvalarkostnaður innanlands	263.620	257.879	208.640	41.283
Ferða og dvalarkostnaður erlendis	5.603.918	0		
Akstur	2.079.953	1.561.940	1.557.656	6.359.132
Samtals	8.534.964	2.270.728	2.241.809	6.950.503
Tímarit, blöð og bækur	1.470.451	1.000.000	1.247.521	1.291.334
Skrifstofuvörur og áhöld	2.427.308	2.296.000	2.041.378	2.916.795
Aðrar vörur	8.873.597	8.833.494	9.040.255	10.773.583
Samtals	12.771.356	12.129.494	12.329.154	14.981.712
Önnur sérfræðipjónusta	3.207.309	3.103.462	3.033.160	3.008.402
Tölvu- og kerfisfræðipjónusta	1.740.946	2.016.118	1.960.565	2.092.997
Prentun, póstur, auglýsingar, flutningar	1.731.957	1.874.294	1.879.849	2.366.686
Sími og ýmis leigugjöld	3.087.618	3.243.148	3.015.992	3.286.866
Samtals	9.767.830	10.237.022	9.889.566	10.754.951
Verkaup og byggingavörur	949.901	761.364	619.656	699.992
Rafmagn og heitt vatn	8.294.457	8.135.352	7.336.211	6.275.655
Húsaleiga og aðkeypt ræsting	70.941.500	68.967.397	66.688.454	68.667.054
Samtals	80.185.858	77.864.113	74.644.321	75.642.701
Brennslufni og olíur	19.746	30.813	-83.481	20.106
Verkstæði og varahlutir	0	8.378	-63.122	252.268
Samtals	19.746	39.191	-146.603	272.374
Vextir, bætur, skattar	162.915	130.772	235.982	139.356
Eignakaup	5.617.881	4.610.777	3.934.264	3.356.724
Samtals	5.780.796	4.741.549	4.170.246	3.496.080
Útgjöld alls	504.590.426	478.947.776	489.831.520	499.272.156
Sértekjur	-43.965.178	-30.381.985	-28.066.838	-26.057.291
Aðrar rekstrartekjur	-7.178.000	-9.100.000	-7.331.000	-6.693.500
Framlag ríkissjóðs	-448.879.002	-441.342.772	-505.890.719	-463.226.532
Tekjur alls	-500.022.180	-480.824.757	-541.288.557	-495.977.323
Mismunur á útgjöldum og tekjum	4.568.246	-1.876.981	-51.457.037	3.294.833



Fylgiskjal 2 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2012:

Annáll vorannar 2013, lesinn við brautskráningu í maí

Kennsla á vorönn 2012 hófst föstudaginn 6. janúar. Kennslu lauk svo mánudaginn 30. apríl og síðustu próf voru 15. maí. Önninni lýkur svo þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 64 nemendur sem nú útskrifast hafa fengið skírteini sín afhent.

Í mars voru nemendur Fjölbrautaskólans 530 talsins en um svipað leiti í fyrra voru þeir 488. Fjölgun nemenda frá síðustu vorönn er því tæp 9%. Á því skólaári sem nú er senn liðið varð mest fjölgun á eldri nemendum. Sumir þessara nemenda stunduðu hefðbundið bóknám í dagskóla en nokkur hópur þeirra sótti það sem við köllum vélvirkjanám með vinnu og aðrir voru í helgarnámi í húsasmíði. Kennt var á kvöldin og um helgar. Þessir nemendur hafa flestir verið lengi á vinnumarkaðnum en grípa nú fegins hendi tækifærið til að öðlast réttindi í sinni iðngrein. Í vélvirkjanáminu og húsasmíðinni eru eingöngu karlar. Raunar eru 60% nemenda skólans karlar en 40% konur. Karlarnir eru 95% nemenda í iðngreinunum sem kenndar eru í skólanum þannig að segja má að starfsnámið í FVA höfði fremur til karla en kvenna. Þessi kynjagslaga í skólanum breytist væntanlega á næsta skólaári en í haust verður boðið uppá sjúkraliðabraut. Mikill áhugi er fyrir því námi og nánast eingöngu meðal kvenna.

Á önninni hættu 26 nemendur og til viðbótar skráðu allmargir sig úr áföngum eða voru reknir vegna fjarvista. Þetta þýðir að svokallað brottfall var um 8% sem er nálægt meðallagi.

Brottfallið hefur verið nokkurt vandamál í skólanum en skólinn fær ekkert greitt fyrir nám nemenda sem hætta í skólanum eða skrá sig úr einstökum áföngum. Erfiðleikar af þessum sökum bætast við knöpp fjárframlög til skólans en samdráttur hefur verið á fjárveitingum til hans undanfarin ár og reyndar undanfarinn rúman áratug. Knappari fjárveitingar tengjast því ekki aðeins hruginu sem varð haustið 2008. Til að mæta þessum samdrætti hafa verið sett strangari skilyrði fyrir skólavist og heimild til að velja marga áfanga næsta vetur.

Í mötuneyti skólans urðu þær breytingar á starfsliði að Olga Þórunn Gústafsdóttir lét af störfum og Ást-hildur Sigurðardóttir var ráðin í hennar stað. Aðrar breytingar á starfsliði urðu ekki á önninni.

Samið var um að Fjölbrautaskóli Vesturlands annaðist hluta af kennslu við stóriðjuskóla Norðuráls á Grundartanga. Þrjú kennarar skólans sáu um þá kennslu á önninni. Verður þessari kennslu haldið áfram næsta haust. Í vetur var boðið upp á sameiginlegt fyrsta ár í mál- og tréiðngreinum m.a. í samstarfi við Fjölbrautaskóla Snæfellinga. Á þetta fyrirkomulag vafalaust framtíð fyrir sér þegar meiri reynsla er komin á framkvæmdina. Helsti kosturinn við að hafa verknámið sameiginlegt fyrsta árið er að það verður hagkvæmara í rekstri og vonandi betra fyrir nemendur sem á þessum aldri eru stundum alls ekki vissir um hvað þeir vilja í framtíðinni. Þá getur verið gott að geta skipt milli starfsgreina en það verður auðveldara ef námið er í meira mæli sameiginlegt en verið hefur.

Skólastarfið var með svipuðu sniði og verið hefur á vorönn. Opnir dagar gengu ágætlega og voru nemendum til sóma.

Stærðfræðikeppni fyrir grunnskóla var nú haldin í 14 skiptið og gekk vel undir styrki stjórn stærðfræðikennara skólans sem nutu aðstoðar nemenda við framkvæmdina. Norðurál greiddi kostnaðinn vegna keppinnar og er fyrirtækinu hér með þakkaður veglegur stuðningur.

Í félagslífi nemenda voru þátttaka í Gettu Betur, Morfís og söngkeppni framhaldsskólanna fastir liðir eins og venjulega og 8. mars héldu nemendur velheppnaða árshátíð.

26. janúar átti að halda West Side á Akranesi en það er sameiginleg skemmtun nemenda framhaldsskólanna á Akranesi, í Borgarnesi og í Grundarfirði. Er skemmst frá því að segja að vegna ófærðar þurfti að aflýsa skemmtuninni nema hvað ballið var haldið þó það væri aðeins sótt af Akurnesingum. West-side var svo haldið tveimur mánuðum síðar eða 22. mars og var þar keppt í íþróttum, spurningakeppni og



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

síðan lauk skemmtuninni með kaffihúsakvöldi. Enginn vafi er á að framhald verður á þessu samstarfi skólanna á Vesturlandi því þetta þótti takast vel.

Aðalstjórn nemendafélagsins nú á vorönn skipuðu Örn Viljar Kjartansson formaður, Arnór Bjarki Grétarsson, Ásdís Björg Björgvinsdóttir, Ingibjörg Sara Guðmundsdóttir, Sólveig Samúelsdóttir og Sævar Berg Sigurðsson.

Þann 20. apríl var tilkynnt um kjör stjórnar nemendafélagsins fyrir næsta skólaár. Í fyrsta sinn í sögu félagsins voru rafrænar kosningar og gátu félagsmenn greitt atkvæði í Plútó en það er nafnið á samskiptakerfinu í skólanum okkar. Nýr formaður var kosinn Valdimar Ingi Brynjarsson og með honum í stjórn eru Alexander Egill Guðmundsson, Arnar Freyr Sigurðsson, Arnór Bjarki Grétarsson, Sólveig Rún Samúelsdóttir og Sævar Berg Sigurðsson. Einn stjórnarmaður í viðbót verður kjörinn úr hópi nýnema í ágúst.

Hallmar Gauti Halldórsson og Sindri Snær Alfreðsson voru kosnir til að stjórna Tónlistarklúbbi, Kristinn Gauti Gunnarsson til að stjórna Kvikmyndaklúbbi, Björn Þór Björnsson og Snorri Kristleifsson til að stjórna Viskuklúbbi og Þorri Línadal Guðnason til að stjórna Ljósmyndaklúbbi.

Skólinn tekur þátt í tveimur Comeniusarverkefnum. Í verkefninu Work made easy er ætlunin að útbúa upplýsingar sem gagnast fólki sem vill flytjast milli landa í Evrópu, um hvaða kröfur eigi við í hverju landi fyrir sig. T.d. á að taka viðtöl við útlandinga á Íslandi og spyrja þá út í reynslu þeirra af landinu. Niðurstöðurnar verða síðan aðgengilegar á netinu. Tvær ferðir voru farnar eftir áramót, til Spánar og Litháen, og fóru fjórir nemendur og þrír kennarar í þessar ferðir.

Hitt verkefnið heitir Planting our future og fjallar um náttúruvernd, orkunýtingu o.fl. Það er mismunandi eftir löndum hvað er gert nema hvað planta á trjám í öllum 11 löndunum. Við stefnum að því að planta trjám hér í Miðgarði skólans þegar 20 nemendur og 10 kennarar frá jafnmörgum löndum koma hingað í september. Á vegum þessa verkefnis hafa verið farnar eða verða farnar 5 ferðir nú á önninni. Einni ferðinni, til Ungverjalands, lýkur nú um helgina og í næstu viku byrjar ferð til Eistlands. Einn kennari og tveir nemendur fara í hverja ferð.

Í mars vann Karl Þór Jóhannesson bronsverðlaun í málmsuðu á Íslandsmóti iðn- og verkgreina og lið skipað Hafðísi Erlu Helgadóttur, Krístrúnu Skúladóttur og Sveini Kristjáni Sveinssyni varð í þriðja sæti í forritunarkeppni. Þessar keppnir voru haldnar í Háskólanum í Reykjavík. Í apríl fóru nemendur á iðnbrautum í alla leikskóla á Akranesi og gerðu við búnað og leikföng. Vart mátti á milli sjá hvorir voru ánægðari, leikskólanemendurnir eða framhaldsskólanemendurnir!

Loks má nefna að síðasta vetrardag tóku nemendur og kennarar skólans þátt í 3 km skólahlaupi um Akranes. Hugmyndin að hlaupinu kviknaði í tengslum við verkefnið heilsuefandi framhaldsskóli sem skólinn tekur þátt í. Þetta skólahlaup tókst svo vel að við stefnum að því hafa það árlega.

Læt ég nú lokið annál vorannar 2012 og óskar ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið nú náð um leið og ég hvet ykkur til að halda áfram að afla ykkur menntunar og þroska. Þið megið vera stolt af því að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið vinnið gott í framtíðinni.

Jens B. Baldursson



Fylgiskjal 3 með ársskýrslu Fjölbrautaskóla Vesturlands 2012:

Annáll haustannar 2012, lesinn við brautskráningu í desember

Fjölbrautaskóli Vesturlands var settur miðvikudaginn 22. ágúst. Þá fengu nemendur afhentar stunda-skrár. Regluleg kennsla hófst svo morguninn eftir, fimmtudaginn 23. ágúst. Síðasti kennsludagur á önn-inni var 30. nóvember. Önninni lýkur þegar skólameistari slítur þessari samkomu og þeir 49 nemendur sem nú ljúka námi hafa verið brautskráðir frá skólanum.

Í upphafi annar voru 642 nemendur skráðir í skólann. Þetta er örlítill fjölgun frá haustönn 2011 þegar fjöldi nemenda við upphaf haustannar var 623. Fjölgun nemenda núna er vegna kennslu á sjúkraliðab-raut en hún hófst nú í haust.

Á önninni hættu 30 nemendur í skólanum. Auk þess hættu margir í áföngum eða voru reknir úr þeim vegna mikilla fjarvista. Þetta köllum við brottfall og var það 8,4% á önninni sem er heldur meira en það var á síðustu haustönn en þá var það var 6,7%.

Það var ánægjulegt hversu margir sóttu um nám á sjúkraliðabraut. Hófu rúmlega 40 nemendur nám á brautinni og luku 34 önninni. Brottfall var lítið sem er mjög ánægjulegt.

Jóhanna Ólafsdóttir var ráðin til að kenna sérgreinar á sjúkraliðabraut.

Guðrún Jóhannesdóttir, sem kennt hefur dönsku og fatahönnun við Fjölbrautaskólann frá hausti 1978, lætur nú af störfum. Hún hefur kennt við skólann nánast frá upphafi og er með lengstan starfsferil allra við skólann. Er henni færðar þakkir fyrir störf hennar.

Ingólfur Ingólfsson kennari í málmíðngreinum lést 23. ágúst á Sjúkrahúsi Akraness eftir veikindi. Sigurður Karl Ragnarsson var í kjölfarið ráðinn til kennslu á málmíðnabraut.

Guðmundur Egill Ragnarsson forstöðumaður mótuneytisins fór í leyfi og var Birkir Snær Guðlaugsson ráðinn í hans stað. Kristján E. Guðmundsson félagsfræðikennari fór í veikindaleyfi á önninni og tóku Guð-rún Vala Elísdóttir, Ólöf Samúelsdóttir og Jens Baldursson að sér að kenna félagsfræðiáfangana. Flemming Madsen kennari í rafiðngreinum og Þráinn Sigurðsson kennari í málmíðnum eru í leyfi.

Föstudaginn 24. ágúst kusu nýnemar Elmar Gísla Gíslason sem fulltrúa sinn í stjórn nemendafélagsins. Elmar lauk tíunda bekk í Grundaskóla síðasta vor. Aðrir stjórnarmenn voru kosnir fyrir sumarleyfi. Þeir eru Valdimar Ingi Brynjarsson formaður, Alexander Egill Guðmundsson, Arnar Freyr Sigurðsson, Arnór Bjarki Grétarsson, Sólveig Rún Samúelsdóttir og Sævar Berg Sigurðsson.

Aðalfundur Foreldraráðs skólans var haldinn 28. september. Á fundinum var kjörin stjórn fyrir skólaárið 2012 til 2013. Hana skipa Þórður Guðjónsson formaður, Alexander Eck, Anna Berglind Einarsdóttir, Hulda Hrönn Sigurðardóttir og Þórður Þórðarson. Varamenn eru Eyrún Þorleifsdóttir og Sigrún Sig-mundsdóttir. Áheyrnarfulltrúi foreldraráðs í skólanefnd er Anna Berglind Einarsdóttir.

Þær breytingar urðu á skólanefnd í haust að Dagbjört Guðmundsdóttir og Thelma Hrund Sigurbjörns-dóttir voru skipaðar aðalmenn í nefndina í stað Hjördísar Garðarsdóttur og Mörtu Birnu Baldursdóttur. Auk Dagbjartar og Thelmu eru þau Helena Guttormsdóttir, Helgi Guðmundsson og Ólafur Helgi Haralds-son í skólanefndinni.

Á síðustu vorönn gerðu Trausti Þorsteinsson og Bragi Guðmundsson úttekt á starfsemi skólans fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Skýrslan var birt á vef ráðuneytisins nú í haust. Skólinn fær fína umsögn í skýrslunni og þar kemur m.a. fram að hann hafi gott starfsfólk, sé vel rekinn og að í honum ríki heilsteyptur og jákvæður skólabragur.

Skólinn tók þátt í tveimur Comeniusarverkefnum á þessari önn en þátttaka í þeim hófst á haustönn fyrir ári síðan og lýkur á næstu vorönn. Á vegum annars verkefnisins, Planting our future eða sáð til framtíðar, komu hingað á Akranes 9 kennarar og 18 nemendur frá 9 löndum og dvöldu í tæpa viku í september.



FJÖLBRAUTASKÓLI
VESTURLANDS

Verkefnið fjallar um umhverfismál, sjálfbærni og umgengni manna við náttúru. Var farið með nemendur í gönguferðir um Akranes, Skógrækt ríkisins að Mógilsá heimsótt og farið í margar ferðir. Loks voru nokkur tré gróðursett við þjóðveginn til Akraness í samvinnu við Skógræktarfélag Akraness. Fengu erlendu gestirnir nokkra innsýn í íslenska náttúru og hve óblíð hún getur verið en fyrsta dag gestanna á Akranesi varð að fella niður gönguferð á Akrafjall vegna óveðurs.

Margir kennarar komu að verkefninu ásamt hópi nemenda sem tók á móti erlendu gestunum og hýstu þá. Á vegum þessa verkefnis fóru kennarar og nemendur skólans til Þýskalands, Ítalíu, Tékklands og Spánar á önninni. Þá má geta þess að í tilefni af þessu verkefni gróðursettu nokkrir kennarar blágreini og lindifuru í Miðgarði skólans en þessi tré eru gjöf frá Skógræktarfélagi Skilmannahrepps.

Á vegnum verkefnisins Work Made E@sy voru farnar tvær skólaheimsóknir. Í aðra heimsóknina fóru tveir kennarar og tveir nemendur til Danmerkur og í síðari ferðina fóru tveir nemendur með kennara til Ítalíu. Auk þessa hafa nemendur unnið að minni verkefnum eins og t.d. viðtölum við útlendinga á Íslandi.

West-Side var haldið í október en þá bauð Nemendafélag Fjölbrautaskóla Snæfellinga Menntaskólanum í Borgarnesi og okkar skóla til Ólafsvíkur. Þar var keppt í íþróttum og haldin spurningakeppni. Um kvöldið var svo dansað. Þótti þetta samstarf nemendafélaganna takast vel og verður vafalaust framhald á því.

Ýmislegt fleira gerðist á önninni: haldnir voru dansleikir, nokkur kaffihúsakvöld og hið árlega Skammhlaup heppnaðist að venju vel.

Á vegum verkefnisins heilsueflandi framhaldsskóli fengu nemendur og kennarar skólans svokallað hreyfikort en skólinn stóð að viðburðum á önninni þar sem hreyfing og samvera voru í fyrirrúmi og þeir sem tóku þátt fengu stimpil á kortið sitt. Gengið var á Akrafjallið og niður að vita, stöðvaþjálfun, útihlaup og útileikir. Í lokin var svo dregið úr hreyfikortunum og fengu eigendurnir gjafir sem nokkur fyrirtæki voru svo rausnarleg að gefa. Er þessum fyrirtækjum færðar þakkir og ekki síður öllum þeim nemendum og kennurum sem tóku þátt.

Læt ég nú lokið annál haustannar 2012 og óska ykkur sem útskrifist frá skólanum til hamingju með þann áfanga sem þið hafið náð um leið og ég hvet ykkur til að halda áfram að afla ykkur menntunar og þroska. Þið megið vera stolt af að hafa lokið námi við Fjölbrautaskóla Vesturlands og við sem hér störfum erum stolt af ykkur og því sem þið gerið gott í framtíðinni.

Jens B. Baldursson